

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1168****2023/EES/85/05****frá 15. júní 2023**

um leyfi fyrir blöndu af karv akróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps (leyfishafi er Biomin GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Notkun á blöndu af karv akróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps var leyfð með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/996 ⁽²⁾.
- 2) Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/996 inniheldur fyrir mistök lýsingu á virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni (umbætur á dýraræktarþáttum)“. Í álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) frá 15. maí 2019 ⁽³⁾ kom fram að aukefnið geti aukið vaxtareiginleika hjá eldiskjúklingum, kjúklingum sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundum alifugla sem eru aldar til varps. Hugtakið „dýraræktar“ er of almennt og getur tekið til mismunandi verkunar en lýsir þó ekki sérstakri virkni aukefnisins. Til þess að virki hópurinn fyrir fôðuraukefnið sé í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti því að vísa til umbóta á þáttum sem hafa áhrif á árangur.
- 3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/996 til samræmis við það.
- 4) Með það í huga að virki hópurinn ætti að koma fram á merkimiða fôðuraukefnisins, á forblöndum og fôðurböndum sem innihalda það er nauðsynlegt að kveða á um umbreytingartímabil sem gerir stjórnendum fôðurfyrirtækja kleift að gera nauðsynlegar aðlaganir á merkimiðunum.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í annarri línu, þar sem vísað er til flokks og virks hóps, í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/996, kemur „Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)“ í stað „Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á dýraræktarþáttum)“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 253/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/996 frá 9. júlí 2020 um leyfi fyrir blöndu af karv akróli, þýmóli, d-karvóni, metýlsalisýlati og L-mentóli sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps (leyfishafi er Biomin GmbH) (Stjtið ESB L 221, 10.7.2020, bls. 87)

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5724.

2. gr.

1. Blönduna sem er tilgreind í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/996 og forblöndur sem innihalda blönduna, sem eru framleiddar og merktar fyrir 17. desember 2023 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 17. júní 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

2. Fóðurlöndur og fóðurefni sem innihalda blönduna sem er tilgreind í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/996, sem eru framleidd og merkt fyrir 17. júní 2024 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 17. júní 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
